

## FRÉTTATILKYNNING

### Alþjóðlegi netöryggisdagurinn, 5. febrúar 2013

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn verður haldinn hátíðlegur í tíunda sinn þann 5. febrúar næstkomandi. Þemað í ár er „**Réttindi og ábyrgð á netinu**” og munu yfir 70 þjóðir um allan heim standa fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag.

Netöryggismiðstöðvar 30 Evrópuþjóða, sem mynda samstarfsnetið [Insafe](#), og yfir 40 önnur lönd munu þennan dag leiða saman ýmsa hagsmunaðila til þess að vekja athygli á og ræða netið frá ýmsum hliðum. Samstarfsnetið hefur látið framleiða stutta [auglýsingu](#) til þess að styðja við átakið, en hún verður aðgengileg á [netinu](#) og sýnd í sjónvarpi næstu daga.

Í tilefni dagsins stendur SAFT fyrir málþingi í Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands v/Stakkahlíð, kl. 13.00-16.00. Málþingið er haldið í samstarfi við ráðuneyti innanríkis-, velferðar- og mennta- og menningarmála, Póst- og fjarskiptastofnun, Símann, Lenovo, Microsoft Íslandi og Háskóla Íslands. Fundarstjórar verða Diljá Helgadóttir og Sigurbergur I. Jóhannsson, ungmennaráði SAFT.

#### Dagskrá:

13.00 | **Katrín Jakobsdóttir**, mennta- og menningarmálaráðherra, setur málþingið og veitir verðlaun í samkeppni um besta barnaefnið á netinu

13.15 | **Málstofa 1 – stofa H207**  
**Skólinn, uppeldi og samfélagsmiðlar**

- Hver er draumaskólinn?
- Tölvu- og töflumenning
- Bætt upplýsingalæsi aukin meðvitund um netöryggi í grunnskólum landsins
- Tölvur í leikskólum, til hvers?
- Einelti
- Fjárhættuspil
- Klám á netinu
- Ábyrgð foreldra
- Félagsleg virkni og samskipti
- Samfélagsmiðlar
- Birtingamynd kynjanna

**Málstofa 2 – stofa H205**  
**Tækni, öryggi og regluverk**

- Farsímar, snjallsímar og spjaldtölvur
- Opinn hugbúnaður og apps
- Auðkenning á netinu
- Tölvuský
- Niðurhal
- Frumvarp um landslénið .is
- IGF – umræðuvettvangur um skipulag og þróun internetsins
- Réttindi og skyldur á netinu
- Almenn hegningarlög og úrræði við ólögmetu efni á netinu
- Netsíun

16.00 | **Veitingar**

Málþingið verður sent beint út á Netinu en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu [SAFT](#).

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að senda tölvupóst á [saft@saft.is](mailto:saft@saft.is) eða á [Facebook](#) síðu SAFT, en þingið er öllum opið án endurgjalds á meðan húsrúm leyfir.